



15. fundur stjórnar Aftureldingar 6. feb 2013

Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir og Ásmundur Pálsson.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Bréf frá stjórn frjálsíþróttadeildar
2. Bréf frá ljósmyndara
3. Aðalfundur 2013
4. Stjórn 2013-2014
5. Stjórnir deilda
6. Aðalfundur UMSK
7. Staða mála á skrifstofu.
8. Önnur mál.

1. Bréf frá stjórn frjálsíþróttadeildar. Aðalstjórn er jákvæð gagnvart beiðni deildarinnar um að taka upp rathlaup sem sérstaka íþróttagrein innan frjálsíþróttadeildarinnar. Það er skilningur aðalstjórnar að ekki sé verið að fara fram á neina viðbótarasóttöðu né fjármagn vegna þessarar viðbótargreinar.
2. Bréf frá ljósmyndara. Erindi hafði borist frá ljósmyndara um að taka myndir af iðkendum innan félagsins. Ákveðið að vísa erindinu til formannafundar.
3. Aðalfundur 2013. Ákveðið að halda aðalfund miðvikudaginn 20. mars. Framkvæmdastjóra falið að finna húsnæði.
4. Stjórn 2013-2014. Kjörtímabilum Ásmundar Pálssonar, Önnu Sigríðar Guðnadóttur og Kristínar Reynisdóttur lýkur á aðalfundi í mars. Kristín og Ásmundur hafa þegar tekið ákvörðun um að gefa ekki kost á sér áfram.
5. Stjórnir deilda. Hekla gjaldkeri ræddi skipulag innan stjórna deilda.
6. Aðalfundur UMSK. Aðalfundur UMSK verður haldinn 28. febrúar í Félagsheimili Seltjarnarness. Áríðandi er að Afturelding sendi 9 fulltrúa eins og félagið á rétt á. Málið verður tekið upp á formannafundi og óskað eftir fulltrúum þar.
7. Staða mála á skrifstofu. Jóhann ræddi stöðu mála við að koma veltiskiltinu í gang aftur. Ræddi innheimtumál. Ákveðið að formaður stjórnar fái hluta símreiknings greiddan.
8. Önnur mál. Engin.

Formannafundur verður haldinn miðvikudag 13. feb kl 17:15

Fundi slitið kl. 20:00. Næsti fundur verður haldinn 20. febrúar.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.